

Ársfundur 2009

Skýrsla forstöðumanns bókasafns og upplýsingaþjónustu á ársfundi Listaháskóla Íslands 25. nóvember 2009

- starfsárið 2008 – 2009

Bókasafn og upplýsingaþjónusta Listaháskóla Íslands er sérfræðisafn á sviði þeirra listgreina sem kenndar eru við skólann.

Hlutverk:

Hlutverk þess er að veita nemendum, kennurum og starfsfólki skólans, auk annarra sem til skólans leita, aðgang að fjölbreyttu efni upplýsinga um listir og menningu, s.s. fræðibókum, tímaritum, myndefni, leikhandritum, hljómplötum, geisladiskum og nótnabókum. Starfsmenn leiðbeina notendum um notkun safnsins og aðstoða þá við leit að upplýsingum í rafrænum gagnasöfnum.

Starfsemi og þjónusta

Afgreiðslutími safnsins á síðasta skólaári var:

Skipholt – mánudaga til föstudaga kl. 8.30-16.00.

Sölvhólgata – mánudaga til föstudaga kl. 8.00-16.00.

Laugarnes – mánudaga til föstudaga kl. 9.00-16.30.

Starfsmenn:

Starfsmenn voru 6 samtals í 5.0 stöðugildum. Forstöðumaður Lísu Z. Valdimarsdóttir (1.0), bókasafnsfræðingar: Berglind Hanna Jónsdóttir (1,0), Sigrún Sveinsdóttir (0.8), og Jóhanna Margrét Diðriksdóttir (0.7). Bókaverðir voru Riina Pauliina Finnsdóttir (1.0) og Huginn Þór Arason (0.5) sem leysti Bryndísi Erlu Hjálmarsdóttur af í fæðingarorlofi.

Að auki var Rós Pétursdóttir (0,8) starfsmaður Styrktarsjóðs Halldórs Hansen í umsjón bókasafns- og upplýsingaþjónustu. Hún vann við afritun á hljómplötusafni Halldórs Hansen og lauk þeirri vinnu sumarið 2009.

Lánþegar:

Lánþegar safnsins voru fyrst og fremst nemendur, kennarar og starfsfólk skólans. Aðrir lánþegar voru kennarar og nemendur annarra skóla, sérfræðingar, auk almennings. Skráðir lánþegar voru samtals 801 er það svipup aukning og frá síðasta ári, en þá voru þeir 667. Mest aukning hefur orðið á almenningi og nemendum annarra háskóla.

Tafla 1. Lánþegar eftir tegund.

Tegund:	Fjöldi
Nemendur LHÍ	403
Kennarar LHÍ	86
Starfsfólk LHÍ	38

Aðrir – nemendur HÍ og aðrir	274
Samtals:	801

Útlán:

Útlán voru samtals 15.829 í öllum útibúum safnsins skólaárið 2008-2009. Þetta er rúmlega 25% aukning frá árinu áður og mun meiri aukning en undanfarin ár. Útlán 2008-2009 skiptust niður á útibúin:

Tafla 2. Útlán eftir útibúum skólaárið 2008-2009

Útibú:	Fjöldi
Skipholt	4.254
Sölvhólgata	5.927
Laugarnes	5.648
Samtals:	15.829

Þessar útlánatölur eru sérstakar í ljósi þess að útlánnum á bókasöfnum landsins hefur fækkað síðustu ár. Notendur virðast vera að nota þjónustu bókasafna á annan hátt en í útlánnum á bókum. Hins vegar má færa rök fyrir því að fólk hafði minni pening milli handanna frá hausti 2008 og kýs því frekar að nota bókasöfnin eins og kostur er.

Safnkostur:

Eintakafjöldi (bækur, nótur, leikhandrit, myndbönd/DVD og geisladiskar) safnsins sem skráður hefur verið í bókasafnskerfið Gegni var við lok skólaársins samtals 41.679. Er það mun minni aukning milli ára en verið hefur, en aukningin hefur vanalega verið rúmlega 20%. Eintakafjöldi skólaárið 2007-2008 var 36.091 eintak. Skýringuna á þessari minni aukningu má að einhverju leyti rekja til minna fjármagns til innkaupa á efni sökum sparnaðar í kjölfar slæmra tíma í íslensku efnahagslífi haustið 2008. Háskólarnir fóru ekki varhluta af því.

Tafla 3. Eintakafjöldi í útibúum.

Útibú:	Fjöldi
Skipholt	11.306
Sölvhólgata	20.406
Laugarnes	9.965
Samtals:	41.679

Í nýrri stefnumótun Listaháskóla Íslands 2008-2012 er markmiðið að eintakafjöldi safnsins nái 60.000 árið 2011. Með svipuðu áframhaldi mun það markmið nást.

Nýtt efni á safninu var heldur minna en vanalega og er ástæðan minna fjármagn til innkaupa eins og áður kom fram. Í fyrsta sinn fékk safnið ekki úthlutun úr styktarsjóði Halldórs Hansen líkt og undanfarin ár.

Stærstu innkaupin voru innkaup fyrir Prisma, nýtt diplómanám á vegum LHÍ og Bifrastar.

Listar yfir nýtt efni voru sendir starfsmönnum, kennurum og nemendum mánaðarlega í tölvupósti og eru þeir vinsælir. Sú nýjung var tekin upp að setja myndir af bókakápum í bæði listana og á netið.

Tímarit:

Safnið var áskrifandi að um 100 tímaritatitlum á prenti skólaárið 2008-2009, en sker þurfti niður í tímaritaáskriftum í öllum deildum. Aðgangur var að um 8.500 rafrænum tímaritum í gegnum Landsaðgang á Hvar.is.

Lokaritgerðir:

Vorið 2008 var tekin upp sú nýjung að nemendur sem skila lokaritgerð áttu að skila inn einu stafrænu eintaki á geisladiski með prentaða eintakinu. Var þetta gert til að hægt sé að setja ritgerðir inn á vefinn til lestrar þar. Að auki áttu nemendur að fylla út samning með upplýsingum um hvort hafa ætti ritgerð á vefnum opna eða lokaða. Vinna við skráningu í stafrænna lokaritgerða í Skemmuna, rafrænt gagnasafn Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Háskólans á Bifröst og LHÍ hófst í nóvember 2008. Eftir mikla tæknilega örðugleika vegna yfirfærslu Skemmunar frá Kennaraháskóla Íslands yfir í Háskóla Íslands fór vinna á fullt skrið í febrúar 2009. Nú eru allar lokaritgerðir nemenda LHÍ frá vorinu 2008 til dagsins í dag komnar inn í Skemmuna.

Nótur íslenskra tónskálda

Haustið 2008 hófst skráning á nótum íslenskra tónskálda í Gegni. Nótnaheftin í eigu skólans eru um 3.000 eintök og er því mikil vinna fyrir höndum. Stefnt er að því að skráningu ljúki vorið 2010.

Gjafir:

Gjafir bárust reglulega þetta skólaár eins og önnur. Tekið er á móti öllum gjöfum með þeim formerkjum að safnið leyfi sér að grisja úr þar sem það telur sig geta nýtt. Oft er um dánarbú að ræða en mest megnis eru þetta bækur og sýningarskrár sem deildarforsetar og kennarar fá í heimsóknnum sínum erlendis auk gjafa frá stofnunum. Stærstu gjafirnar þetta skólaárið komu frá Nýlistasafninu, Borgarleikhúsinu og Útvarpsleikhúsi RÚV.

Safn Halldórs Hansen:

Enginn styrkur var veittur til bókasafns úr Styrktarsjóði Halldórs Hansen á síðastliðnu skólaári sökum slæmrar afkomu sjóðsins. Lokið var við að skrá og ganga frá efni frá fyrri úthlutun, en þá voru veittar rúmlega 2 milljónir til nótnakaupa. Starfsmaður við afritun á hljómplötusafni Halldórs Hansen var við vinnu allan veturinn en þeirri vinnu lauk sumarið 2009. Á sama tíma og vinnu við afritun lauk var leitargrunnur í hljómplötusafninu opnaður á vefnum. Er það stórt skref í átt að markmiðunum.

Bókasafn Listdansskóla Íslands

Í byrjun árs 2009 var bókasafnsfræðingur LHÍ fengin til að skoða ástand bókasafns Listdansskóla Íslands. Í framhaldi af því var tekin sú ákvörðun að safn Listdansskólans yrði skráð í Gegni og sá bókasafnsfræðingur frá LHÍ um þá vinnu. Henni lauk vorið 2009, en þá höfðu allar bækur og tímarit Listdansskólans verið skráðar.

Bókasafn Tónskóla Þjóðkirkjunnar

Vorið 2009 var forstöðumaður bókasafns LHÍ fenginn til að meta ástand bókasafns Tónskóla Þjóðkirkjunnar og í framhaldi af því var unnið í safninu í nokkra mánuði.

Gegnir, gagnasöfn og rafræn tímarit:

Það er stefna bókasafnsins að skrá eins mikið og hægt er í bókasafnskerfi landsmanna Gegni. Unnið var meðvitað allt árið að því og eiga starfsmenn safnsins hrós skilið fyrir þá vinnu. M.a. voru langflestar gjafir í geymslum skráðar.

Sömu gagnasöfn og frá fyrra ári voru keypt inn, en safnið kaupir aðgang að tveimur sérhæfðum gagnasöfnum á sviði lista í gegnum CSA (Cambridge Scientific Abstract), auk Jstor og IIPA (International Index to Performing Arts). Einnig er safnið aðili að Hvar.is, landsaðgangi að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum. Nokkur gagnasöfn voru fengin í tilraunaaðgangi yfir veturinn, m.a. ARTstor og Fjölmíðlavaktin.

Sú nýjung var tekin í gagnið vorið 2009 að nemendum og starfsfólki skólans var boðinn fjaraðgangur að gagnasöfnum að heiman og hefur það reynst vel.

Húsnæði og búnaður:

Engar stórvægilegar breytingar voru gerðar á húsnæði og búnaði safnsins þetta skólaár. Þó voru keyptar viðbótarhillur á safninu í Sölvhólgötu og lýsing ofan við hillur bætt til muna. Í skipholti voru einnig settar upp nýjar hillur og lesborð færð til.

Önnur starfsemi:

Bókasafnskynningar:

Starfsmenn bókasafnsins héldu nokkrar bókasafnskynningar á skólaárinu. Eins og verið hefur var nýnemakynning að hausti og ítarlegri kynning á bókasafni, safnkosti og þjónustu fyrir 1. árs nemendur allra deilda. Í fyrsta sinn var einnig boðið upp á kynningar fyrir kennara og nemendur á 3. ári allra deilda.

Sýningar og útstillingar:

Starfsmenn lögðu aukna áherslu á sýningar á efni safnsins og útstillingum var skipt út reglulega. M.a. var sýning á bókverkum í eigu skólans sem tókst vel.

Vefur bókasafns LHÍ:

Mikil ánægja var með nýja uppfærslu á vef skólans og bókasafnsins, sem var opnum haustið 2008.

Forstöðumaður sat í vinnuhópi vefs skólans allan veturinn og var mikil og meiri vinna í kringum hana en búist var við í upphafi. M.a. var gengið frá stóru verkefni tengdu ferilskrám starfsmanna, myndagalleríum og ensku síðu vefsins.

Ráðstefnur og fundir:

Forstöðumaður safnsins sat nokkra fundi með öðrum háskólabókavörðum landsins eins og venja er á hverju ári.

Skráningarsérfræðingar safnsins funduðu nokkrum sinnum með öðru skráningarfólki landsins.

Forstöðumaður sótti tvær ráðstefnur erlendis þetta skólaár. Annars vegar var um að ræða Web 2.0 ráðstefnu í Stokkhólmi í nóvember 2008 og Arlis Norden ráðstefnu einnig í Stokkhólmi í júní 2009.

Forstöðumaður var kosinn sem formaður Arlis Norden á Íslandi á ráðstefnu sumarsins og sótti hann stjórnarfundum tvisvar yfir skólaárið.

Tveir starfsmenn safnsins sóttu Landsfund Upplýsingar, félags bókasafnsfræðinga, sem haldinn er annað hvert ár. Og þrír starfsmenn sóttu ráðstefnu um Web 2.0 sem einnig var haldin á vegum Upplýsingar.

23. nóvember 2009
Lísa Zachrison Valdimarsdóttir,
forstöðumaður bókasafns og upplýsingaþjónustu LHÍ